

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Rituhólar 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 26. apríl 2013, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, Hólahverfi, norðurdeild vegna lóðarinnar nr. 7 við Rituhóla. Í breytingunni felst hækkun á byggingarmagni. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Einarsnes 76.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 26. apríl 2013, breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðarinnar nr. 76 við Einarsnes. Í breytingunni felst hækkun á þaki og að byggja við húsið til norðurs. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 30. apríl 2013.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2013